



STARFSÁÆTLUN HVE 2016-2018

HLUTVERK

Heilbrigðisstofnun Vesturlands veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Þjónustan er veitt íbúum umdæmisins og öðrum sem eftir henni leita.

HLUTVERK HEILSUGÆSLUSVIÐS ER AÐ

veita almenna lækniþjónustu, hjúkrun, heilsuvernd, forvarnir, slysa- og bráðaþjónustu og annast sjúkraflutinga.

HLUTVERK SJÚKRASVIÐS ER AÐ

starfrækja umdæmissjúkrahús, almenn sjúkrarými og endurhæfingu.

HLUTVERK HJÚKRUNARSVIÐS ER AÐ

starfrækja hjúkrunarrými á starfssvæðinu þar sem slík þjónusta er ekki veitt af öðrum.

Lögð er áhersla á virðingu, traust og fagmennsku. Velferð skjólstæðinga skal höfð að leiðarljósi. Stuðlað er að virkri sí- og endurmenntun starfsfólks.

HVE tekur þátt í menntun heilbrigðisstétta í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og aðrar menntastofnanir.

GILDI

VIRÐING

Starfið á HVE einkennist af gagnkvæmri virðingu, vingjarnlegu viðmóti og umhyggju

TRAUST

Lögð er áhersla á aðgengilega, trausta og örugga þjónustu fyrir alla.

FAGMENNSKA

Starfsfólk býr yfir góðri þekkingu og færni. Starfsfólk er framsækið, leitar alltaf leiða til að gera betur og hefur hagsmuni skjólstæðinga í fyrirrúmi.

FRAMTÍÐARSÝN HEILSUGÆSLUSVIÐS

Þjónusta heilsugæslustöðva verði til fyrirmyndar og íbúar í heilbrigðisumdæmi Vesturlands búi áfram við gott aðgengi að heilsugæslu. Lögð er áhersla á skilvirka þjónustu, teymisvinnu og aukna aðkomu hjúkrunarfræðinga að móttöku skjólstæðinga.

STARFSÁÆTLUN HEILSUGÆSLUSVIÐS 2016—2018

Áætlun	Aðgerðir
Áfram verði unnið ótulllega að mönnunarmálum þannig að þjónusta heilbrigðisstarfsmanna með viðurkennd starfsréttindi verði tryggð.	Efla kennslu og fræðslustarfsemi innan heilsugæslustöðvanna, hlúa að góðum starfsanda og starfsumhverfi. Kynna stofnunina í auknum mæli fyrir heilbrigðisstarfsmönnum og nemum í heilbrigðisgreinum.
Ungbarnavernd verði veitt samkvæmt leiðbeiningum Embættis landlæknis.	Innleiða endurskoðaðar, væntanlegar leiðbeiningar.
Meðgönguvernd verði veitt samkvæmt leiðbeiningum Embættis landlæknis. Stefnt sé að því að konum verði boðin skoðun hjá ljósmóður a.m.k. einu sinni á meðgöngunni.	Konur geti sótt þjónustu ljósmóður á nágrannastöð innan HVE.
Skólaheilsuvernd verði veitt samkvæmt leiðbeiningum Embættis landlæknis.	Ískrá verði notuð á öllum stöðvum. Tryggja að skólahjúkrunarfræðingar hafi til umráða fartölvu..
Unnið verði með sveitarfélögum að samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu á hverjum stað. Boðið verður upp á kvöld og helgarþjónustu eftir aðstæðum.	Efla þarf samvinnu við sveitarfélög þar sem þetta markmið hefur ekki náðst. Innleiða interRAI–HC upphafsmat og MAPLe flokkanir við mat á skjólstæðingum og þjónustubörf þeirra.
Skipulögð verði móttaka hjúkrunarfræðinga sem sinna símtölum og bráðakomum.	Stefna að því að þessi þjónusta verði í boði á öllum heilsugæslustöðvum árið 2016.
Sálfraeðiþjónusta verði hluti af starfsemi allra heilsugæslustöðva.	Tryggja að hver heilsugæslustöð fái sálfræðing í skilgreint starfshlutfall m.v. íbúafjölda.
Móttaka fyrir sykursjúka verði í boði með teymisvinnu læknis, hjúkrunarfræðings og næringarfræðings.	Unnið að þessu á öllum heilsugæslustöðvum og hefjist árið 2016.
Boðið verði upp á lífsstílmóttöku.	Unnið verði í samræmi við leiðbeiningar frá Reykjalundi.
Stefnt er að því að öll börn í umdæminu hafi aðgang að greiningarþjónustu hjá greiningarteymi fyrir börn með þroska- og hegðunarfrávik.	Greiningarteymi verði samvinnuverkefni HVE og sveitarfélaga á hverjum stað. Greiningarteymi er til staðar á Akranesi, er í mótnun í Borgarnesi og leitað verði eftir samvinnu á öðrum stöðvum. Stefnt að því að þetta náist árið 2017.
Boðið verði upp á ungmennaheilsuvernd fyrir 15 - 20 ára ungmenni.	Tilraunaverkefni er í gangi milli HVE Akranesi og FVA, sett verði á laggirnar tilraunamóttaka á HVE Borgarnesi. Meta hvaða fyrirkomulag hentar best.
Aðgengi að úrlestri myndgreiningarannsóknna verði bætt.	Læknar fái aðgang að röntgenlækni allan sólarhringinn til úrlestrar á röntgenmyndum. Verklok vor 2016.
Lögð verði áhersla á að efla lýðheilsu í samvinnu við sveitarfélög.	Starfsfólk heilsugæslustöðva verði hvatt til að taka þátt í samstarfi við sveitarfélög í lýðheilsuverkefnum og veitt verði svigrúm til að koma til móts við þess háttar verkefni.
Biðtími eftir viðtali á heilsugæslu verði sambærilegur eða styttri en í öðrum heilbrigðisumdæmum.	Koma í veg fyrir óþarfa biðtíma með stundvísi og öguðum vinnubrögðum. Það er á hendi stjórnenda að þau séu viðhöfð.
Bæta þjónustu við íbúa með því að gera þeim kleift að nálgast eigin heilbrigðisupplýsingar og skapa þeim tækifæri til aukinnar þátttöku í eigin meðferð.	Innleiða heilbrigðisgáttina Veru og opna fyrir endurnýjun lyfseðla. Kynna Veru fyrir íbúum heilbrigðisumdæmisins. Fyrir 1. júní 2016.
Unnið verði að markvissari og skilvirkari þjónustu varðandi símaendurnýjanir lyfja með samþættingu innan HVE að leiðarljósi.	Aðgerðaáætlun sett í gang á vordögum 2016, og nýtt og samþætt verklag kynnt.

FRAMTÍÐARSÝN HJÚKRUNARSVIÐS

Boðið er upp á vistlegt heimili með góðri hjúkrunar- og lækniþjónustu, auk annarrar þjónustu sem skilgreind er í lögum um málefni aldraðra og reglugerð um stofnanaþjónustu aldraðra. Lögð er áhersla á að fylgja þróun og nýjungum innan öldrunarþjónustu. Tekið er á mótí einstaklingum sem þarfnast hvíldarinnlagna.

STARFSÁÆTLUN HJÚKRUNARSVIÐS 2016—2018

Áætlun	Aðgerðir
Leggja áherslu á góða þjónustu og að velferð heimilismanna sé höfð í fyrirrími	Skilgreina hugmyndafræði hjúkrunarsviðs og þjónustuna sem veitt er og hún skipulögð með tilliti til einstaklingsbundinna þarfa heimilismanna.
Tryggja að fjöldi hjúkrunarrýma uppfylli æskilega þörf miðað við íbúafjölda.	Setja viðmið um æskilegan fjölda hjúkrunarrýma á Hólmavík, Hvammstanga og Stykkishólmi.
Stefnt skal að því að starfsemin sé ætíð mönnuð nægilega mörgum faglærðum starfsmönnum.	Setja viðmið fyrir æskilega mönnun í samræmi við viðmið Embættis landlæknis og hlutfall ófaglærðra starfsmanna við aðhlyningu. Taka mið af niðurstöðu RAI-mats við ákvörðun mönnunar. Setja inn hvata fyrir almenna starfsmenn til náms þar sem skortur er á fagfólki.
Leitast við að tryggja góðan aðbúnað og heimilslegt umhverfi.	Setja viðmið um æskilegan aðbúnað heimilismanna. Leggja áherslu á að sem flestir heimilismenn hafi eigið herbergi með snyrtingu. Leggja áherslu á vandað skipulag húsnæðis og gott aðgengi. Þjóða upp á aðstöðu fyrir aldraða með heilabilunareinkenni á Hvammstanga. Bæta aðstöðu fyrir sjúklinga sem fá líknandi meðferð og aðstandendur þeirra.
Tryggja góða móttöku og aðlögun heimilismanna.	Skrá verklag um eftirfarandi þætti er varða móttöku og aðlögun heimilismanna. <ul style="list-style-type: none"> ✘ Ákvörðun um inntöku, móttöku og aðlögun. ✘ Samstarf og samráð við aðstandendur. ✘ Fyrirkomulag fjölskyldufunda, samskipti og upplýsingagjöf. ✘ Ákvörðun um meðferð.
Innleiða gæðavísa.	Nýta niðurstöður RAI gæðavísa til að fylgjast með gæðum þjónustunnar og grípa til umbóta á grunni þeirra.
Tryggja að þjónusta sé veitt á faglegan og ábyrgan hátt.	Starfsmenn skulu hafa góða yfirsýn yfir þarfir og óskir hvers og eins heimilismanns. Leggja áherslu á sjálfsákvörðunarrétt heimilismanna og að jákvætt og skilningsríkt samband ríki milli heimilismanna og starfsfólks. Viðhalda færni og jákvæðri sjálfsmynd heimilismanna. Tryggja trúnað og þagnarskyldu.
Nýjum starfsmönnum sé tryggð góð aðlögun og gætt sé að hæfni þeirra.	Gerð er krafa um að allir starfsmenn sem veita heimilismönnum persónulega þjónustu tali og skilji íslensku. Nýir starfsmenn skulu, í samræmi við störf, verklag og starfslýsingar, fá þjálfun og skriflega aðlögunaráætlun.
Stuðla að bættu starfsumhverfi og ánægju starfsmanna.	Leiðir að betri vinnustað og starfsumhverfi verði skoðaðar sameiginlega af stjórnendum og starfsmönnum. Starfsmönnum verði tryggð viðeigandi sí- og endurmenntun í samræmi við starfsmannastefnu, m.a. með fjarfundatengslum. Skoða möguleika á að starfsmenn skrái óskir sínar um vaktir rafrænt.
Gera þjónustukönnun.	Framkvæma þjónustukönnun meðal heimilismanna og aðstandenda
Bæta aðbúnað og þjónustu við aldraða í Stykkishólmi.	Unnið verði að samþættingu stofnanaþátta öldrunarþjónustunnar í Stykkishólmi og rekstri komið undir sama þak í vistlegu og nútímalegu hjúkrunarheimili í samræmi við tillögur starfshóps frá árinu 2014.

FRAMTÍÐARSÝN SJÚKRASVIÐS Á AKRANESI

Áfram verði rekið öflugt umdæmissjúkrahús á Akranesi sem veiti auk almennrar sjúkrahúspjónustu fjölbreytta sérfræðipjónustu á sviði lyflækninga, skurðlækninga, kvensjúkdóma og fæðinga. Sérstök áhersla er lögð á örugga sólarhringspjónustu. Standa skal vörð um stöðu stofnunarinnar til að halda úti vaktviðbúnaði svo hægt sé að veita bráðapjónustu. Lögð er áhersla á fjölbreytta pjónustu í helstu greinum læknisfræðinnar jafnt í þágu innliggjandi sjúklinga sem á göngudeild.

Lyflækningar

Stefnt skal að því að treysta núverandi pjónustu í lyflækningum og enn frekar auka framboð á sérhæfðri þekkingu í undirgreinum lyflækninga með aðkomu fleiri sérfræðilækna. Tryggja ber gott aðgengi íbúa að lyflækningadeild HVE, Akranesi, og veita skal bestu fáanlegu meðferð í samræmi við klínískar leiðbeiningar hverju sinni. Athugun fari fram á auknu samstarfi við LSH eða sjálfstætt starfandi sérfræðilækna með innlögnum sjúklinga utan pjónustusvæðis HVE, ef aðstæður leyfa.

Handlækningar og kvensjúkdómar

Veitt er framsækin og metnaðarfull sérfræðipjónusta í helstu greinum skurðlækninga. Sérstök áhersla skal lögð á aðgerðir, þar sem bið eftir pjónustu er löng svo sem í almennum skurðlækningum, bæklunarlækningum og á sviði kvensjúkdóma.

Fæðingarþjónusta

Veitt er fæðingarhjálp af ljósmóður og fæðingarlækni eftir 37 vikna meðgöngu. Þá stendur konum til boða mænurótardeyfing sérfræðings í svæfingum og deyfingum. Aðgangur er að skurðstofu til bráðainngripa við fæðingar svo sem keisaraskurða fyrirvaralaust allan sólarhringinn alla daga. Konum af öllu landinu standi til boða að fæða börn sín á Akranesi.

Skurð- og svæfingadeild

Á skurðdeild fara fram allar stærri og sérhæfðari aðgerðir. Starfsfólk svæfingadeildar sinnir bráðveikum svo sem þeir sem þurfa öndunaraðstoð, uppsetning æðaleggja og flutning alvarlega sjúkra og slasaðra á önnur sjúkrahús. Svæfingalæknar sjá um deyfingar í fæðingum og fyrstu meðferð veikra nýbura. Þeir eru einnig ráðgefandi innan stofnunarinnar í verkjameðferð krabbameinssjúklinga sem og í almennri líknarmedferð.

Slysadeild

Fagleg og örugg þjónusta við slasaða og bráðveika verði tryggð með góðu aðgengi að skjótri sérfræðilæknisþjónustu, myndgreiningu og rannsóknþjónustu. Stefnt skal að bættum aðbúnaði á slysamóttöku og speglanadeild með endurskipulagningu húsnæðis. Brýnt er að aðkoma sjúkrabíla verði sem fyrst komið í viðunandi horf.

Göngudeild

Veitt skal fjölbreytt göngudeildarþjónusta þar sem lögð er áhersla á teymisvinnu heilbrigðisstarfsfólks. Stefnt skal að því að biðtími eftir viðtalstímum verði sambærilegur eða styttri en þar sem sambærileg starfsemi er rekin. Sérstök áhersla verði lögð á skilvirka þjónustu og lágmarks bið. Stefnt er að því að efla þjónustu við sykursjúka á Vesturlandi.

Myndgreiningarþjónusta

Veitt verði myndgreiningarþjónusta með hefðbundinni tækni, tölvusneiðmyndataekni og ómskoðunum. Viðhald tækjabúnaðar deildarinnar fylgi ávalt viðteknum stöðlum og gildandi lögum um geislavarnir. Biðtími eftir rannsóknum verði sambærilegur eða styttri en best gerist hér á landi.

Rannsóknþjónusta

Boðið verði upp á allar algengustu og helstu rannsóknir í blóðmeinafræði, klínískri lífefnafræði, sýklafræði og blóðbankaþjónustu. Staðið verði vörð um háa gæðastaðla rannsóknastofunnar.

Endurhæfing

Veitt er almenn alhliða endurhæfing með megináherslu á þjónustu við innliggjandi sjúklinga á öllum deildum. Jafnframt er veitt göngudeildarþjónusta m.a. sérskipulögð endurhæfing fyrir aldraða.

STARFSÁÆTLUN SJÚKRASVIÐS Á AKRANESI 2016—2018

Áætlun	Aðgerðir
Auka framboð á sérhæfðri þekkingu í undirgreinum lyflækninga.	Auka aðkomu sérfræðilækna, svo sem í gigtlækningum, og/eða styrkingu innan núverandi undirsérgreina.
Auka aðkomu sérfræðilækna, svo sem í gigtlækningum, og/eða styrkingu innan núverandi undirsérgreina.	Í meðferð bráðra og langvinnra sjúkdóma skal taka mið af klínískum leiðbeiningum og fylgja sannreyndri læknisfræði eins og völ er á. Leita samráðs við aðra sérfræðilækna þegar þörf er á.
Kannaðir verði möguleikar á auknu samstarfi við LSH í því skyni að draga úr álagi á spítalann og auka fagleg samskipti LSH við HVE.	Kynna fyrir læknum LSH, einkum læknum slysa og bráðadeildar LSH, möguleika á skammtímainnlögnum á HVE til rannsókna og meðferðar. HVE taki að sér í afmörkuðum, skilgreindum tilvikum sjúklinga LSH til skammtímadvalar.
Athugun fari fram á samstarfi við sjálfstætt starfandi sérfræðilækna með innlögnum sjúklinga utan þjónustusvæðis HVE.	Kanna hvort hagkvæmur og gagnkvæmur flötur sé á að sérfræðilæknar í lyflækningum á stofu geti lagt inn sjúklinga til rannsókna, meðferðar eða eftirlits.
Lögð er áhersla á skurðaðgerðir þar sem bið eftir þjónustu er löng, svo sem í almennum skurðlækningum, bæklunarlækningum og kvensjúkdómum.	Skipuleggja starfsemi skurð- og handlækningadeildar með tilliti til stöðu þessara sjúklingahópa. Fjölga aðgerðum þar sem biðlistar eru langir.
Konum af öllu landinu standi til boða að fæða börn sín á Akranesi	Kynna fæðingardeildina fyrir starfsmönnum heilsugæslustöðva á höfðuborgarsvæðinu. Bæta upplýsingar um fæðingardeildina á heimasíðu HVE.
Stefnt skal að bættum aðbúnaði á slysamóttöku og speglandeild með endurskipulagningu húsnæðis.	Unnið verður að endurbótum húsnæðis á árinu 2016 í samvinnu við Ríkiseignir.
Stefnt skal að bættri aðkomu sjúkrabíla.	Sjúkrabílamóttaka verður reist á seinnihluta árs 2016 skv. samningi við ráðuneyti.
Stefnt skal að því að biðtími eftir viðtali á göngudeild verði sambærilegur eða styttri en þar sem hliðstæð þjónusta er veitt.	Koma í veg fyrir óþarfa biðtíma með stundvísi og öguðum vinnubrögðum. Það er á hendi stjórnenda að þau séu viðhöfð.
Stefnt er að því að efla þjónustu við sykursjúka á Vesturlandi.	Tengja þjónustu sykursýkismóttöku á Akranesi betur við aðrar starfstöðvar HVE og tryggja öllum sjúklingum með sykursýki jafngóða þjónustu, óháð búsetu. Starfshópur kanni hvernig best megi tryggja fullnægjandi eftirlit sjúklinga og samskipti milli heilsugæslustöðva og sykursýkismóttökunnar á Akranesi.

FRAMTÍÐARSÝN SJÚKRASVIÐS Á HÓLMÁVIK, HVAMMSTANGA OG Í STYKKISHÓLMI

Almenn sjúkrarými

Samhliða hjúkrunarrýmum verði áfram rekin almenn sjúkrarými á Hólmavík, Hvammstanga og í Stykkishólmi sem nýtt eru fyrir vægari sjúkdómstílfelli er krefjast innlagnar, fyrir dvöl að lokinni meðferð á LSH, Akranesi og öðrum heilbrigðisstofnunum, fyrir endurhæfingu og líknandi meðferð. Heilsugæslulæknar sinna sjúklingum í almennum sjúkrarýmum.

Endurhæfing í Stykkishólmi

Í Stykkishólmi eru endurhæfingarrými og þar verði áfram rekin öflug sérhæfð endurhæfingardeild sem veitir meðferð við háls og bakverkjum og stendur öllum landsmönnum til boða. Sjúkrahúslæknir sjúkrasviðs í Stykkishólmi annast endurhæfingarsjúklinga, aðgerðarstofu og göngudeildarþjónustu.

Rannsóknastofa í Stykkishólmi

Í Stykkishólmi er starfrækt rannsóknarstofa sem þjónar skjólstæðingum starfsstöðva HVE á Snæfellsnesi.

STARFSÁÆTLUN SJÚKRASVIÐS Á HÓLMÁVIK, HVAMMSTANGA OG Í STYKKISHÓLMI

Áætlun	Aðgerðir
Kannaðir verði raunhæfir möguleikar á samstarfi við LSH um skammtímainnlagnir og endurhæfingu.	Tekið verði við sjúklingum frá LSH í afmörkuðum, skilgreindum tilvikum til skammtímadvalar.
Rekstur háls- og bakdeildar verði endurskoðaður með eflingu að markmiði ásamt því að fjármögnun og sértekjumöguleikar deildarinnar kannaðir.	Kalla eftir niðurstöðu samráðshóps á vegum Embættis landlæknis sem falið var að gera tillögur um samhæfingu og ráðgjöf þeirra sérfræðinga og fagaðila sem taka þátt í greiningu og meðferð langvinnra verkja í hálsi og baki.
Endurhæfingaraðstaða í Stykkishólmi verði bætt.	Endurhæfingaraðstöðu verði komið fyrir á einni hæð.
Rannsóknir sem unnar eru í Stykkishólmi verði aðgengilegar í rafræna rannsóknastofukerfinu Flexlab.	Rannsóknarstofan í Stykkishólmi verði tengd við Flexlab.

ÞVERT Á SVIÐ

Áætlun	Aðgerðir
<p>Kennsla, rannsóknir og lýðheilsa Heilbrigðisstarfsfólki gefist kostur á að auknum hluta vinnutíma megi verja til kennslu eða upplýsingaöflunar til annarra starfsmanna eða íbúa þjónustusvæðis HVE. Kanna möguleika á að auka vægi rannsókna innan HVE, ekki síst á sviði lýðheilsu.</p>	<p>Framkvæmdastjórn HVE leggur fram leiðbeinandi vinnureglur varðandi þessa þætti fyrir 1. júní 2016.</p>
<p>Upplýsingamiðlun og kynning á starfsemi HVE Stuðla að aukinni samvinnu og upplýsingamiðlun milli starfsstöðva HVE til hagsbóta við sjúklinga. Meta hvort notkun fjarlækninga sé skilvirk og hagkvæm meðal annars til að draga úr löngum ferðalögum sjúklinga eða heilbrigðisstarfsmanna ef leysa megi úr tilteknum vandamálum með fjarbúnaði.</p>	<p>Tryggja að starfsmönnun sé kunnugt um starfsemi annarra starfsstöðva og hvaða meðferðarmöguleikar bjóðast á heilsugæslustöðvum eða sjúkradeildum. Beðið verði niðurstöðu vinnuhóps ráðuneytis um fjarlækningar.</p>
<p>Heimasíða HVE sé upplýsandi, virkur og aðgengilegur miðill fyrir almenning jafnt sem starfsfólk.</p>	<p>Vefumhverfi HVE verði endurnýjað á árinu 2016, starfshópur annast verkefnið. Fyrir árslok 2016.</p>
<p>Skipurit HVE sé greinargott, leiðbeinandi og gefi skýra mynd af stjórnskipulagi og formlegum boðleiðum innan stofnunarinnar.</p>	<p>Skipurit verði endurskoðað á vordögum 2016 í ljósi reynslu frá stofnun HVE, leitað samþykkis ráðuneytis og kynnt starfsmönnum.</p>

GÆÐAVÍSAR

	Staða 2014	Staða 2015	Markmið 2016	Markmið 2017
Heilsugæsla				
Inflúensubólusetningar eldri en 60 ára og áhættuhópa	-		50%	50%
Bólusetningar barna	-		97%	97%
HbA1c skráð hjá sykursjúkum	-	-	90%	90%
Formleg endurskoðun lyfja hjá 70 ára og eldri (hlutfall)	-	-		
Öryggi				
Spítalasýkingar %	-	-	<5%	<5%
Fjöldi skráðra lyfjaatvika á 1.000 legudaga	0,2	0,3	2	2
Stunguóhöpp (fjöldi)	17	11	<10	<10
Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift af legudeild %	-	1,7	<2	<2
Fjöldi skráðra byltna á 1.000 legudaga	2,44	2,35	<2,3	<2,2
Deildir sjúkrasviðs sem ræða gæða- og öryggismál mánaðarlega	-	-	60%	70%
Hlutfall hjúkrunarfræðinga með gilt ILS endurlífgunarnámskeið	86%	76%	85%	90%
Hlutfall sjúkraflutningamanna með gilt ILS endurlífgunarnámskeið	-	86%	90%	90%
Hlutfall ljósmæðra á kvennadeild með PROMT námskeið sl. 2 ár	83%	92%	95%	95%
Góður vinnustaður				
Hlutfall starfsmanna sem fær starfsmannasamtal	37%	17%	60%	70%
Starfsánægja (á skala 1-5)	-	4,2	4,3	4,3
Ánægja með stjórnendur (á skala 1-5)	-	3,6	4,0	4,2
Veikindahlutfall	-	3,3%	<3,5%	<3,5%
Starfsmannavelta	3,7%	3%	<5%	<5%
Skilvirkir verkferlar og vinnulag				
Meðallegutími legudeilda á sjúkrahúsi HVE Akranesi (dagar)	4,57	4,72	<5	<5
Ábyrgur rekstur				
Rekstrarafkoma	0,1%	0,0%	0,5%	1,0%
Launagjöld m.v. áætlun	-1,1%	0,2%	0,5%	1,0%
Önnur gjöld m.v. áætlun	1,4%	1,2%	0,5%	1,0%
Sértekjur, miðað við áætlun	9,0%	8,2%	8,2%	8,2%
Endurvinnsluhlutfall sorps	25%	28%	32%	40%